

AÐVENTUGLEÐI Í KAUPMANNAHÖFN



24. – 28. nóvember 2025
Fararstjórn: Bjarni Torfi Álfþórsson

Aðventuferð – Sérhópur Korpúlfar
Danmörk

Ferðalýsing

Aðventan er einstakur tími til að heimsækja Kaupmannahöfn, þar sem borgin skartar sínu fegursta og ljós, jólamarkaðir og notaleg stemning fylla stræti og torg. Í þessari ferð gefst ykkur tækifæri til að upplifa danska jólastemningu í bland við áhugaverða sögustaði, skemmtilegar gönguferðir og afslöppun í falletgri borg. Farið verður í fræðandi gönguferð um borgina með áherslu á íslensk tengsl og endar gangan í Jónshúsi þar sem skoða má fróðlega sýningu um ævi Jóns Siguðrssonar og frú Ingibjargar. Einnig er á dagskrá sigling um síkin með útsýni yfir helstu kennileiti og eins verður snæddur ekta danskur jólamatur í hlýlegu umhverfi. Einnig gefst nægur tími til að rölta um jólamarkaði, versla jólagjafir og njóta ilmsins af ristuðum möndlum.

5 dagar | 4 nætur í Kaupmannahöfn



24. nóvember | Flug til Kaupmannahafnar

Brottför frá Keflavík kl. 07:35 og mæting í Leifstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Kaupmannahöfn kl. 11:45 að staðartíma. Rúta ekur hópnum á hótél þar sem fólk getur komið sér fyrir og notið því næst eftirmiðdagsins á eigin vegum. Sameiginlegur kvöldverður á hóteli.

25. nóvember | Gönguferð um Kaupmannahöfn & Jónshús

Eftir morgunverð verður haldið af stað í skemmtilega gönguferð um borgina með Kaupmannahafnarsérfræðingi. Gengið verður í gegnum gamla bæinn, frá Ráðhústorginu að Kónsins nýja torgi og á Íslendingaslóðir. Heyrum um 850 ára sögu borgarinnar og fræðumst um tengsl Íslendinga fyrr á árum við borgina. Gönguferðin endar í hinu virta Jónshúsi, samkomustað Íslendinga í Kaupmannahöfn, þar sem skoða má fróðlega sýningu um ævi Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur.



26. nóvember | Sigling & ekta danskur jólamatur



Nú er stefnan tekin niður á Nyhavn þar sem farið verður í siglingu um síki Kaupmannahafnar. Í siglingunni sjáum við helstu kennileiti svo sem Litlu hafmeyjuna, Óperuhúsið, Amalienborg höllina og gömlu höfnina og Christianshavn með sínum fallegu húsum og kirkjum.

Um kvöldið heldur hópurinn í kvöldverð á veitingastaðnum Kronborg þar sem boðið verður upp á ekta danskan kvöldverð í julefrokost stíl.

27. nóvember | Frjáls dagur í Kaupmannahöfn

Í dag er frjáls dagur til að skoða sig um á eigin vegum í Kaupmannahöfn. Borgin býður upp á endalausa möguleika, hvort sem þið viljið versla á Strikinu, rölta um litríku Nyhavn eða heimsækja söfn. Seinnipart dags væri upplagt að halda í Tivoli en garðurinn breytist í sannkallað ævintýraland á aðventunni og er allur upplýstur með þúsundum jólaseríum, fallegum skreytingum, jólamarkaði og ilmi af ristudum möndlum og heitu glöggi.



28. nóvember | Frjáls dagur & heimferð

Annar frjáls dagur til að njóta jólastemningarinnar í hinni sjarmerandi Kaupmannahöfn. Það er dásamlegt að setjast niður á notalegt kaffihús og upplifa danska „hygge“ lífsstílinn. Um kvöldið er farið með rútu út á Kastrup flugvöll en flogið verður heim kl. 21:40. Lent í Keflavík kl. 23:55 að íslenskum tíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum.

Verð

209.900 kr. á mann í tvíbýli | 58.100 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Ferðir milli Kastrup flugvallar og hótels.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði á hóteli.
- ✓ Morgunverður.
- ✓ Kvöldverður á hóteli fyrsta kvöldið.
- ✓ Danskur jólamatur á veitingastaðnum Kronborg.
- ✓ Sigling um síki Kaupmannahafnar.
- ✓ Söguganga um Kaupmannahöfn og heimsókn í Jónshús.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Kvöldverðir aðrir en taldir eru upp undir innifalið.
- ✓ Þjófnef.
- ✓ Forfalla- og ferðatryggingar.

Hótelið

Hotel Scandic Copenhagen er á mótí Tycho Brahe Planetarium, 500 metrum frá aðallestarstöð Kaupmannahafnar og Tívolínu. Nútímaleg herbergi Scandic Copenhagen eru með sjónvarpi, baðkari og loftræstingu. Hið umhverfissvæna Scandic Copenhagen býður upp á rausnarlegt morgunverðarhlaðborð. Á hótelinu er gufubað, tveir barir og snarlúð.



Nánari upplýsingar

Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bænduferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rúttunni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bænduferða.